



Hafliði S. Sívertsen

Fæddur 13. desember 1961

Dáinn 30. desember 2022



Útför frá Hallgrímskirkju
miðvikudaginn 18. janúar 2023

Prestur: Sr. Grétar Halldór Gunnarsson

Organisti: Lenka Mátéová

Einsöngvari: Stefán Hilmarsson

Undirleikari: Þórir Úlfarsson

Kór: Félagar úr Karlakór Reykjavíkur

Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

Umsjón útfarar: Útfarastofa Kirkjugarðanna

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
á Grand Hótel Reykjavík
að athöfn lokinni.*



Forspil

Slá þú hjartans hörpustrengi

Valdimar Briem - J. S. Bach

Ávarp og bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson - L. Mason

Fyrri ritningarlestur

Ekkert breytir því

Stefán Hilmarsson - Jens Hansson

Síðari ritningarlestur

Þú fullkomnar mig

Stefán Hilmarsson - Guðmundur Jónsson

Guðspjall

Sem aldrei fyrr

Bubbi Morthens

Minningarorð

Kveðja

Bubbi Morthens

Bæn

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa,
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánauð og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær. Ó, Guð, veit oss frið.
Veit oss þinn frið.

Þýðing: Óskar Ingimarsson - Hjá Adriaen Valerius 1626

Faðir vor

Kveðjulag frímúrara

Valdimar Schiöth



Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 Breytt 1840

Blessun

Eftirspil

Your Song

Bernie Taupin - Elton John

